

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Sveinn Jónsson greiði stefnda Sturlu kaupmanni Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessur ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. júlímán.

Nr. 17/1907:

Hið opinbera
gegn

Halldóri Hávarðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað af hálfu valdstjórnarinnar fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu gegn hinum kærða Halldóri kaupmanni Hávarðssyni í Bolungarvík fyrir brot á 1., 5. og 6. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, og var það dæmt af nefndum rétti 18. febrúar þ. á. á þá leið, að kærði á fyrir brot gegn 1. og 6. gr. nefndra laga að greiða sekt til Hólshrepps, 120 kr., er afplánist með 35 daga einföldu fangelsi; svo voru þeir áfengir drykkir, er kynnu að finnast hjá ákærða, dæmdir upptækir, og honum var með dóminum gjört að greiða allan kostnað sakarinnar. En þessum lögregluréttardómi hefir verið áfryjað til yfirdómsins eftir kröfu hins kærða.

Við rannsóknina í þessu máli hefir fjöldi vitna borið það og staðfest það með eiði, að þau hafi á hinu liðna ári keypt vínföng, brennivín, konjak, whisky og banko af hinum kærða í verzlun hans í Bolungarvík; og ennfremur, að kærði hafi mjög iðulega árið sem leið selt kaffi með brennivíni eða öðru áfengu út í, og hafi kaffið þá verið selt dýrara en annars hafi verið venja þar. Kærði, sem var kaupmaður í Bolungarvík og hafði þar kaffisöluhús, en hafði hvorki leyfi til áfengissölu né áfengisveitinga, hefir neitað því, að hann hafi selt nokkurn dropa af víni, en hefir kannast við það, að hann hafi hjálpað mönnum öðruhvorum um vín á flöskur, ýmist samkvæmt pöntun fyrir fram, eða án þess í greiða skyni, og að hann oft hafi gefið vín með kaffi og »hafi kaffið kostað kostað 30 aura með brauði«. Þrátt fyrir þessa neitun kærða hefir það þó sannast með lögmætum vitnisburðum, að hann hafi árið sem leið selt 5 nafngreindum mönnum sitt í hvert skiftið sína flöskuna af áfengi hverjum þeirra, fyrir borgun greidda út í hönd, og jafnframt verður að telja það nægilega sannað með hinum mörgu eiðfestu vitnisburðum, sem fengnir hafa verið í málinu, að hann hafi sama árið beint gjört sér það að atvinnu að selja hverjum er hafa vildi áfengi, einkum brennivín, fyrir borgun; sömuleiðis verður að líta svo á, að hann hafi selt fyrir verð brennivín það, er hann kannast við að hafa jafnaðarlega veitt með kaffi er keypt var til neyzlu í kaffisöluhúsi hans. Með þessu athæfi hefir hinn kærði gjörst brotlegur gegn lögum nr. 26 11. nóvbr. 1899, um verzlun og veitingu áfengra drykkja, og þykir refsingin fyrir brot hans hæfilega ákveðin samkv. 13. og 15. gr. í áminstum lögum 150

kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hólshrepps. Um málskostnað í héraði og um upptekt áfengra drykkja á lögregluréttardómurinn að vera óraskaður.

Hinn kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Við rekstur málsins þykir það athugasvert, að rannsóknardómarinn hefir eigi samprófað (confronterað) hinn kærða og vitni þau, er leidd hafa verið í málinu. Að öðru leyti vottast að rekstur sakarinnar í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Halldór Hávarðsson greiði 150 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hólshrepps.

Að öðru leyti á lögregluréttardómurinn að vera óraskaður. Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesen, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.